

## 2. gr.

Handsömunargjald skal vera kr. 3.000 í fyrsta sinn og kr. 6.000 ef til handsömunar kemur aftur.

## 3. gr.

Ofangreind gjaldskrá sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Neskaupstaðar staðfestist hér með samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum til að öðlast gildi við birtingu.

*Umhverfissráðuneytinu, 21. mars 1997.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi við Kirkjusand í Reykjavík.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19/1964 hefur umhverfissráðherra þann 17. október 1996 staðfest breytingu á staðfestu deiliskipulagi við Kirkjusand frá 30. nóvember 1990.

Breytingin felst í því að lóð nr. 89 við Laugarnesveg er breytt á þann veg að hún skiptist í tvennt eða Kirkjusand 1 - 5 og Laugarnesveg 89. Skipulag lóðarinnar nr. 89 við Laugarnesveg verður óbreytt eftir breytinguna, en á lóðinni nr. 1 - 5 við Kirkjusand rísa þrjú 5 - 6 hæða íbúðarhús í stað 2 - 4 hæða iðnaðarhúsa.

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki borgarstjórnar Reykjavíkur. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt breytingu þessa og mælir með staðfestingu hennar.

Auglýsing þessi kemur í stað auglýsingar nr. 550 frá 17. október 1996.

*Umhverfissráðuneytinu, 21. mars 1997.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Hrafn Hallgrímsson.*

## REGLUGERÐ

### fyrir Lífeyrissjóð verkalýðsfélaga á Suðurlandi.

**1. Nafn sjóðsins og heimili.**

- 1.1. Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóður verkalýðsfélaga á Suðurlandi. Heimili hans og varnarþing er á Selfossi.

**2. Hlutverk sjóðsins.**

- 2.1. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar.